

Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr.

- a. 3. tölul. 1. mgr. orðist svo: Félög eða einstaklingar sem stunda váttryggingamiðlun skulu greiða 0,04581% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
- b. 5. tölul. 1. mgr. orðist svo: Kauphallir og skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,5% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr.
- c. Fyrri málslíður 3. mgr. orðist svo: Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili sem er að minnsta kosti að 9/10 hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila greiða 1/5 hluta eftirlitsgjalds, samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr., enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið.